

Lýsigögn fjármálareikninga fjármálafyrirtækja

Almennar upplýsingar

Heiti

Fjármálareikningar fjármálafyrirtækja.

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla

Tilgangur

Fjármálareikningar eru hluti af uppgjöri þjóðhagsreikninga en það er alþjóðlegt, samræmt reikningskerfi sem veitir nákvæma yfirsýn yfir þjóðarbúið og viðskipti þess við önnur lönd. Fjármálareikningar mynda heildstætt yfirlit yfir helstu liði í efnahagsreikningum fjármálafyrirtækja, skipt niður á tegundir fjármálaafurða. Fjármálareikningar eru hluti af hagskýrslugerð Seðlabankans og unnir í samstarfi við Hagstofu Íslands. Seðlabankinn nýtir gögnin jafnframt í starfsemi sinni.

Heimildir

Fjármálareikningar eru aðallega unnir upp úr árs- og efnahagsreikningum fyrirtækja á fjármálamarkaði (sjá yfirlit yfir aðila í fjármálareikningum í kafla 2. Aðferðafræði). Efnahagsreikningar þeirra aðila sem skila gögnum beint til Seðlabankans eru birtir á heimasíðu Seðlabanka Íslands, nema efnahagsreikningar skilanefnda fjármálafyrirtækja í slitameðferð eða nauðasamningaferli.

Lagagrundvöllur

Söfnun grunnagna sem liggja að baki heildartölum sem notaðar eru við fjármálareikninga er á grundvelli laga um Seðlabanka Íslands, [nr. 92/2019, 32.gr.](#)

Aðferðafræði

Við vinnslu fjármálareikninga er farið eftir alþjóðlegri aðferðafræði skv. þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins [ESA2010](#). Um er að ræða fjármálalegar eignir og skuldir og er þeim skipt í 8 yfirlíði.

Hugtök og skilgreiningar

Yfirlíðir fjármálareikninga (Táknin í svigunum hér að neðan eiga við flokkun ESA2010)

- 1. Gull og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn** eiga einungis við Seðlabanka Íslands. Gull er hluti af gjaldeyrisforða Seðlabankans (AF.11) og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem er líka hluti af gjaldeyrisforðanum (AF.12). Þessir tveir líðir eru sýndir saman (AF.1).
- 2. Seðlar og innstæður** (AF.2) samanstanda af seðlum í umferð (AF.21), óbundnum innstæðum (AF.22) sem er hægt er að breyta strax í gjaldmiðil án verulegra takmarkana og öðrum innstæðum (AF.29).
- 3. Markaðsverðbréf önnur en hlutfé** (AF.3) samanstanda af seljanlegum skuldaskjöllum, bæði skammtíma (AF.31) og langtíma (AF.32). Eftirstöðvatími miðast alltaf við upphaflegan eftirstöðvatíma.
- 4. Lán (AF.4).** Öll lán fjármálastofnana. Lán eru fjármálalegar eignir sem:
 - a. Verða til þegar lánveitandi lána fé beint til lántaka
 - b. Til sönnunar skuldinni er gefið út skjal sem ekki er framseljanlegt á markaðiÚtlán eru bæði til skamms tíma (AF.41) og langs tíma (AF.42) Eftirstöðvatími miðast alltaf við upphaflegan eftirstöðvatíma.
- 5. Hlutfé og annað eigið fé (AF.5).** Samanstendur af skráðum og óskráðum hlutabréfum (AF.51) og hlutdeildarskírteinum (AF.52).
- 6. Vátrygginga- og lífeyriseign/-skuld (AF.6).** Þessi flokkur samanstendur af skaðatryggingaeignum/-skuldum, (AF.61), líftryggingaeignum/-skuldum (AF.62) og lífeyriseignum/-skuldum (AF.63) Hér er meðal annars hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld en það eru óuppgerðar heildarskuldbindingar endurtryggjenda vegna gerðra vátryggingasamninga við tryggingarfélag.
- 7. Afleiður og kaupréttir (AF.7).** Afleiður (AF.71) eru m.a. valréttasamningar, framvirkir samningar og skiptasamningar en kaupréttasamningar (AF.72) eru samningar sem gefa starfsmanni rétt á að kaupa ákveðinn fjölda hluta í félaginu sem hann gerir samninginn við á fyrirfram ákveðnu verði á fyrirfram ákveðnum tímamarki eða tímabili. Afleiður eru birtar með markaðsverðbréfum (AF.3).
- 8. Aðrar viðskiptakröfur/-skuldir** (AF.8) samanstanda annars vegar af viðskiptaskuld-/eign (AF.81) og hins vegar af öðrum eignum/skuldum s.s. sköttum, kröfum vegna ófrágenginna kaupa og sölu verðbréfa (AF.82).

Aðilar að fjármálareikningum (Táknin í svigunum hér að neðan er geiraskipting eftir staðli ESA2010)

1. **Seðlabanki Íslands (S.121)**, ,
2. **Viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga (S.122)**. Póstgíróstofan var talin með bankakerfi þar til hún var lögð niður í júní 2004. Hér eru eingöngu meðtalin móðurfélög ásamt innlendum útibúum, en hvorki dótturfélög né útibú sem staðsett eru erlendis.
3. **Peningamarkaðssjóðir (S.123)**. Peningamarkaðssjóðir fjárfesta fyrir eigin reikning fyrst og fremst í innlánnum, hlutdeildarskírteinum peningamarkaðssjóða og skammtíma verðbréfum þar sem ávöxtun tekur mið af peningamarkaðsskjölum. Þeir gefa út hlutdeildarskírteini sem sveiflast tiltölulega lítið í verði eftir markaðsaðstæðum (e. reliable store of value), hægt er að leysa þau út með litlum fyrirvara og án umtalsverðs kostnaðar og eru því álitin ígildi innlána.
4. **Aðrir verðbréfa- og fjárfestingasjóðir (S.124)**. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, aðrir en þeir sem eru flokkaðir sem peningamarkaðssjóðir. Þeir gefa út hlutdeildarskírteini og fjárfesta fyrir eigin reikning, fyrst og fremst í verðbréfum, öðrum en skammtíma verðbréfum og í ófjármálalegum eignum (yfirléitt fasteignum).

Dæmi:

- a. Hlutabréfasjóðir
- b. Skuldabréfasjóðir
- c. Fasteignasjóðir
- d. Sjóðasjóðir
- e. Vogunarsjóðir

Til þessa flokks teljast ekki lífeyrissjóðir. Fagfjárfestingasjóðir falla í þennan flokk.

5. **Önnur fjármálafyrirtæki (S.125)**. Til þessa flokks teljast fjármálafyrirtæki sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu með því að stofna til skulda, án þess þó að taka við innlánnum eða gefa út hlutdeildarskírteini, í þeim tilgangi að eignast fjáreignir. Þessi fyrirtæki afla að jafnaði fjár á fjármálamörkuðum og nota féð til að veita lán og eignast aðrar fjáreignir. Fyrirtækin eru stundum sérhæfð í að veita lán til einstakra geira hagkerfisins eða sérhæfa sig í ákv. tegundum fjármálagerninga.

Dæmi:

- a. Lánafyrirtæki
- b. Fjármögnunarleigur
- c. Fjárfestingabankar
- d. Verðbréfafyrirtæki (hafa heimild til að versla fyrir eigin reikning)
- e. Verðbréfunarfyrirtæki (e. securitization vehicles)
- f. Smálánafyrirtæki
- g. Greiðslukortafyrirtæki
- h. Lánasjóðir
- i. Sérhæfð fjármálafyrirtæki
- j. Áhættu og þróunarfjármögnun

- k. Fjármögnun út- og innflutnings
- l. Kröfukaupafyrirtæki (e. factoring)

6. Önnur fjármálafyrirtæki í slitameðferð (S.125X). (Þessi flokkur er ekki til í ESA2010).

Fjármálafyrirtæki önnur en innlánsstofnanir sem höfðu starfsleyfi en hafa verið settar í slita – eða nauðasamningaferli. Alþjóðlegir staðlar gera ekki ráð fyrir að fjármálafyrirtækjum í slitameðferð sé haldið aðgreindum frá starfandi fjármálafyrirtækjum. Í ljósi reynslunnar hefur Sí ákveðið að hafa þetta aðgreint. Ef gerðir eru nauðasamningar flyst viðkomandi innlánsstofnun í aðra geira eftir því hvernig fyrirtæki verður til að loknum nauðasamningum.

7. Fjármálaleg hliðarstarfsemi (S.126). Til þessa flokks teljast fyrirtæki sem fyrst og fremst sinna starfsemi nátengdri fjármálamilligöngu með fjáreignir og skuldir án þess þó að viðkomandi fyrirtæki eignist eignirnar eða skuldi það sem það hefur milligöngu um. Hér undir falla einnig aðilar sem standa fyrir regluverki um þessa milligöngu.

Dæmi:

- a. Vátryggingamiðlarar
- b. Verðbréfamiðlarar (hafa ekki starfsleyfi til að versla fyrir eigin reikning).
- c. Útgáfufyrirtæki sem sjá um útgáfu verðbréfa
- d. Félög sem útbúa afleiður og varnir s.s. skiptasamninga, valrétti og framvirka samninga (án þess að gefa þá út)
- e. Félög sem sjá um innviði fjármálamarkaða s.s. rekstraraðilar greiðslukerfa
- f. Eftirlitsaðilar með fjármálamilliliðum og fjármálamörkuðum, þegar þeir eru sjálfstæðar stofnanaeiningar
- g. Rekstraraðilar verðbréfa- og fjárfestingasjóða
- h. Félög sem starfrækja kauphallir
- i. Félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og þjónusta fjármálafyrirtæki án þess að taka þátt í fjármálamilligöngu t.d. samtök fjármálafyrirtækja.
- j. Tryggingasjóðir innstæðueigenda.
- k. Greiðslustofnanir (auðvelda greiðslur milli kaupenda og seljenda) t.d. færsluhirðar.
- l. Höfuðstöðvar þegar dótturfyrirtæki eru öll eða flest fjármálastofnanir. Annars flokkast höfuðstöðvar með fyrirtækjum.

8. Innbyrðis fjármálastarfsemi (S.127). Til þessa flokks teljast fyrirtæki sem sinna fjármálamilligöngu þar sem viðskipti með eignir þeirra og skuldir fara sjaldnast fram á opnum markaði. Hér er átt við fyrirtæki sem eiga í viðskiptum innan afmarkaðs hóps (s.s. við dótturfélög eða félög í eigu sama móðurfélags).

Dæmi:

- a. Einingar s.s. vörslusjóðir eða „nafnaskiltisfyrirtæki“.
- b. Eignarhaldsfélög sem hafa stjórnunarvald, vegna hlutafjáreignar, í samstæðu félaganna og hverra meginstarfsemi er að eiga samstæðuna án þess að veita nokkra aðra þjónustu til starfseminnar, þ.e. þau sjá ekki um stjórnun félaganna.
- c. Sértek félög (SPE). Rekstrareiningar um sérverkefni sem uppfylla skilyrði að vera stofnanaeiningar og afla fjármagns á opnum markaði til nota fyrir móðurfyrirtækið. Til að flokkast sem sjálfstæð stofnanaeining þarf félagið sjálft (auk skilyrða um

[stofnanaeiningu](#)) að bera fjármálalega áhættu, annars flokkast það sem hluti af móðurfélagi. Sértek félög hafa oft ekki eigin starfsmenn og eiga yfirleitt engar efnislegar eignir s.s. fastafjármuni og hafa jafnvel ekki starfsstöðvar.

d. Ríkissjóðir til sérverkefna svo framarlega sem sjóðurinn er flokkaður sem fjármálastofnun.

Félög sem eingöngu halda utan um hlutabréf einstaklinga eru flokkuð sem sjálfstæðar rekstrar-einingar í geira S. 127 Innbyrðis fjármálastarfsemi

9. **Tryggingafélög (S.128).** Hér eru meðtalin öll innlend tryggingafélög, bæði skaðatryggingafélög og líftryggingafélög.

10. **Lífeyrissjóðir (S.129).** Hér eru meðtaldir allir lífeyrissjóðir sem starfandi eru á Íslandi.

Innlendur aðili skv. skilgreiningu laga um gjaldeyrismál ([nr. 87/1992](#)) er sá sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að. Innlendur aðili telst einnig lögaðili sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili er allir aðrir en innlendir aðilar, sbr. ofangreinda skilgreiningu á innlendum aðila skv. skilgreiningu laga um gjaldeyrismál ([nr. 87/1992](#)).

Áreiðanleiki gagna

Gögn sem send eru til Seðlabanka Íslands, byggja á bókhaldi fjármálafyrirtækja eins og þau eru á hverjum tíma. Í árslok senda fjármálafyrirtæki uppfærð efnahagsyfirlit til Sí eftir að endurskoðun hefur farið fram. Önnur gögn eru unnin upp úr árs- og árshlutareikningum fyrirtækja og uppfærð milli tímabila.

Endurskoðun gagna

Almennt eru nýjustu tölur bráðabirgðatölur. Ársfjórðungsleg gögn eru endurskoðuð eftir því sem leiðréttingar berast á innsendum skýrslum til Seðlabanka Íslands og þegar nýjir ársreikningar eru birtir. Árslokagögn eru endurskoðuð þegar endurskoðaðir ársreikningar fjármálafyrirtækja liggja fyrir.

Birting

Fjármálareikningar fjármálafyrirtækja eru birtir ársfjórðungslega á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#). Gögnin eru aðgengileg frá árinu 2003. Fjármálareikningar í heild sinni eru birtir á vef [Hagstofu Íslands](#).

Annað

Fjármálareikningar eru unnir í samstarfi við Hagstofu Íslands og hefur Hagstofan yfirumsjón yfir verkefninu. Verkaskipting milli þessara stofnana er þannig að Hagstofan sér um uppgjör fyrir heimilin, hið opinbera og fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki en Seðlabankinn sér um uppgjör fyrir fjármálafyrirtæki og gagnvart útlöndum. Hagstofan birtir yfirlit fjármálareikninga fyrir hagkerfið í heild sinni ásamt hverjum undirgeira fyrir sig. Fjármálareikningar eru þannig uppbyggðir að eignir eins aðila eru skuldir annars aðila og eru allar fjárhæðir mótaðilaflokkaðar.